

Tilmæli 8/2019

Fyrri skjalsnúmer	B 328/præsídiet, C 2/2019
Afgreiðsla	Forsætisnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Nefndarálit um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2020 (B 328/presídiet; C 2/2019)

Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2020

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 30. október 2019 eftirfarandi tilmæli að tillögu forsætisnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún sjái til að fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar verði í auknum mæli í takt við framtíðarsýnina um að Norðurlönd verði sjálfbærasta svæði heims innan tíu ára

að hún leggi framvegis sérstaka áherslu á norrænar aðgerðir gegn vaxandi sýklalyfjaónæmi

að hún leggi sérstaka áherslu á einkaréttarlegt samstarf á Norðurlöndum í samræmi við skýrslu Lorange Backer

að hún ráðstafi 200 þúsundum danskra króna til að styrkja norrænt samstarf um samræmingu og einföldun á reglum í byggingariðnaði og efla sjálfbæra mannvirkjagerð

að hún eyrnamerki kennslugáttinni Norðurlönd í skólanum 1 milljón danskra króna af fjárveitingum Sambands norrænu félaganna (FNF) á fjárhagsáætlun ráðherranefndar samstarfsráðherranna og 0,3 milljónir danskra króna af fjárhagsáætlun ráðherranefndar um menntamál og rannsóknir. Auk þess má taka fram að samkvæmt áætlaðri fjárhagsáætlun vegna ársins 2020 er þess vænst að FNF leggi sjálft til 0,2 milljónir danskra króna til viðbótar við stofnanaframlag Norrænu ráðherranefndarinnar. Þetta verður til þess að 1,5 milljónir danskra króna renni til Norðurlanda í skólanum.

Kaupmannahöfn, 4. nóvember 2019

Hans Wallmark

forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs